

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 48/2002**

**frá 31. maí 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2002 frá 19. apríl 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB frá 27. september 2001 um **hitakerfi** fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 78/548/EBE <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/92/EB frá 30. október 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 92/22/EBE um öryggisrúður og efni í rúður vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og tilskipun ráðsins 70/156/EBE um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun 2001/56/EB fellir úr gildi, frá 9. maí 2004, tilskipun 78/548/EBE frá 12. júní 1978 (Stjtið. EB L 168, 26.6.1978, bls. 40), sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 292, 9.11.2001, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 291, 8.11.2001, bls. 24.

- 5) Aðlögunarliðirnir við tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1) í XI. kafla I. viðauka við lögin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á <sup>(4)</sup> skulu felldir inn í samninginn.
- 6) Nauðsynlegt er að breyta aðlögunarliðunum í samningnum við tilskipun ráðsins 70/156/EBE í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### *1. gr.*

I. kafla II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
  - „- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1),
  - **32001 L 0056:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB frá 27. september 2001 (Stjtið. EB L 292, 9.11.2001, bls. 21),
  - **32001 L 0092:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/92/EB frá 30. október 2001 (Stjtið. EB L 291, 8.11.2001, bls. 24).“
2. Í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EB komi eftirfarandi í stað aðlögunartextans:
  - „a) Eftirfarandi undirliðir bætist við í a-lið 2. gr.:
    - „gerðarviðurkenning“ í íslenskum lögum,
    - „Typengenehmigung“ í liechtensteinskum lögum,
    - „typegodkjenning“ í norskum lögum.

---

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

- b) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við lið 1.1.1 í 5. viðbæti:  
„IS fyrir Ísland  
FL fyrir Liechtenstein  
16 fyrir Noreg“
- c) Í VII. viðauka bætist eftirfarandi við 1. lið, 1. þáttar:  
„IS fyrir Ísland  
FL fyrir Liechtenstein  
16 fyrir Noreg“
- d) Í IX. viðauka bætist eftirfarandi við I. og II. hluta í 37. lið:  
„Ísland: .....,  
Liechtenstein: .....,  
Noregur: .....“
- 3) Texti 37. liðar (tilskipun ráðsins 78/548/EBE) falli úr gildi frá 9. maí 2004.
- 4) Eftirfarandi bætist við í lið 45c (tilskipun ráðsins 92/22/EBE):  
„, eins og henni var breytt með:  
- **32001 L 0092:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/92/EB frá 30. október 2001 (Stjtið. EB L 291, 8.11.2001, bls. 24).“

2. gr.

Texti tilskipana 2001/56/EB og 2001/92/EB og aðlögunarliðanna við tilskipun 70/156/EBE í XI. kafla I. viðauka við lög in um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.